

Ársskýrsla 2006



SUÐURLANDSSKÓGAR

Efnisyfirlit

Samantekt, yfirlit ársins	Bls. 3
Skógarplöntuframleiðsla	Bls. 3
Úttektir	Bls. 4
Fjárlög næsta árs	Bls. 4
Kynningar og fræðslumál	Bls. 4
Gróðursetningarhaus	Bls. 5
Úttekt á áætlunargerð	Bls. 5
Starf áætlunarfulltrúa	Bls. 5
Árnessýsla	Bls. 6
Rangárvallasýsla	Bls. 6
Endurteiknun eldri kosta	Bls. 6
Heimsóknir til bænda	Bls. 6
Vinnsla	Bls. 6
Tilraunir	Bls. 7
Hekluskógar	Bls. 7
Utanferðir	Bls. 7
Fjöldi jarða og búskaparhættir	Bls. 8
Búskaparhættir	Bls. 8
Fjöldi Samninga	Bls. 9
Yfirlit tegunda gróðursettar 2006 í skógrækt og skjólbelti	Bls. 10
Framkvæmdir- Heildaryfirlit	Bls. 11
Skógrækt	Bls. 11
Skjólbeltarækt	Bls. 14
Samtals gróðursett í skjólbelti og skógrækt	Bls. 15
Samantekt svæðisstjóra	Bls. 16
Gullbringusýsla – Samantekt	Bls. 17
Árnessýsla – Samantekt	Bls. 18
Rangárvallasýsla – Samantekt	Bls. 19
Vesturskaftafellssýsla – Samantekt	Bls. 20
Austur- Skaftafellssýsla – Samantekt	Bls. 21
Samanburður á milli ára	Bls. 22
Lykiltölur	Bls. 23
Kostnaðarskipting verkþátta	Bls. 24
Uppgjörstaxtar til bænda 2007.	Bls. 25
Uppgjörstaxtar til bænda 2007. framh.	Bls. 26

Samantekt

Yfirlit ársins 2006 .

Ný stjórn Suðurlandsskóga var skipuð á árinu 2006. Hana skipa Garðar Hannesson formaður, Hreinn Óskarsson fulltrúi Skógræktar ríkisins og Agnes Geirdal fulltrúi skógarbænda. Stjórnin hélt alls sjö fundi á árinu.

Jóni Loftssyni og Jóni Hólmi Stefánssyni eru þökkuð góð störf fyrir uppbyggingu Suðurlandsskóga og í þágu skógræktar á Suðurlandi.

Á árinu kom til starfa sem svæðisstjóri í Skaftafellssýslum Valgerður Erlingsdóttir skógfræðingur, með starfstöð á Kirkjubæjarstofu. Auk hennar unnu hjá Suðurlandsskógum þau Anna Björg Níelsdóttir, Böðvar Guðmundsson, Hallur Björgvinsson, Harpa Dís Harðardóttir og Hrönn Guðmundsdóttir, auk framkvæmdastjóra.

Ný lög um landshlutaverkefni tóku gildi á árinu, en þau taka yfir eldri lög um landshlutaverkefni, þar á meðal lög um Suðurlandsskóga. Með tilkomu nýju laganna er m.a. fellt úr gildi 15% ákvæðið, sem snerti endurgreiðslu skógarbænda við skógarhögg. Í framhaldi af tilkomu nýrra laga voru gerðir nýir skógræktarsamningar sem eru samræmdir um allt land.

Í þessari skýrslu er að finna yfirlit yfir framkvæmdir á árinu 2006 á bújörðum. Almenn samantekt er einnig um framgang verkefnisins m.a. um fjölda samninga m.m.

Skógarplöntuframleiðsla:

Endurnýjaðir voru samningar og gerðir nýir um framleiðslu á 1,3 milljón plantna fyrir árið 2007. Auk þess voru boðnar út 280 þúsund plöntur sem skulu settar á frysti haustið 2007 og afhentar vorið 2008.


Nýmæli varð á árinu þegar fyrstu trjáplönturnar voru settar á frysti, en Furubrún, Kvistar og Tumastaðir munu afhenda Suðurlandsskógum plöntur vorið 2007 af frysti.

Plöntudreifing var sem fyrr á fjórum stöðum á árinu 2006, þ.e. í Björnskoti, á Tumastöðum, í Prestbakkakoti og í Dilksnesi.



Úttektir:

Starfsmenn Sls tóku út árangur í skjólbeltarækt á árinu. Öll skjólbelti á svæði Suðurlandsskóga voru skoðuð og metin. Niðurstöðu er að vænta fljótlega.



Fjárlög næsta árs:

Suðurlandsskógar fengu á fjárlögum fyrir árið 2006 121 milljón króna, en fjárlög ársins 2007 gera ráð fyrir 129,7 milljónum króna til Suðurlandsskóga.

Kynningar- og fræðslumál:

Tveir hópar eru í námi í Grænni skógum á Suðurlandi. Farið var í námsferð til Írlands s.l. haust.

Starfsmenn Sls sóttu að venju nokkur námskeið á árinu og tveir starfsmenn eru í framhaldsnámi í skógfræðum við LBHÍ.



Almennt:

Gróðursetningarhaus:

Á árinu 2006 var keypt til landsins af Suðurlandsskógum gróðursetningarvél, svokallaður “plöntunarhaus.” Hausinn verður festur á vélgröfu þá sem Guðjón Ólafsson verktaki festi kaup á, á árinu. Vélgrafa Guðjóns er af tegundinni Menzi Muck og framleidd í Sviss. Vélin er afar fjölhæf og smíðuð til að geta unnið í miklum halla. Með vélinni fylgdi högghaus sem notaður verður við skógarhögg og grisjanir. Bundnar eru miklar vonir við þennan nýja búnað og vonir standa til að hann leiði af sér stórstígar framfarir í gróðursetningu trjáplantna og grisjun.



Úttekt á áætlunargerð:

Á árinu 2006 var gerð heildarúttekt á áætlanagerð Suðurlandsskóga. Júlía Björnsson B.SC. í líffræði og M.PL. í skipulagsfræði var fengin til verksins og skilaði hún lokaskýrslu á miðju ári. Margt áhugavert kom fram í skýrslunni sem unnið verður eftir og útfært frekar. Má þar nefna skógrækt við þéttbýli, yfirlit yfir verndarsvæði og brunavarnir í skógi m.m.

Björn B. Jónsson framkvæmdastjóri Sls

Starf áætlunarfulltrúa SLS 2006.

Margvísleg verkefni komu á borð áætlanafulltrúans á árinu. Mikill tími fer í áætlanagerð á einstökum jörðum. Umfang áætlana hefur aukist í tímans rás, og er það í samræmi við kröfu um vandaðri vinnubrögð almennt í skipulagsmálum í þjóðfélaginu. Eins og fram hefur komið fengu Suðurlandsskógar Júlíu Björnsson til að taka út skipulagsáætlanir og verklag SLS. Fengum við góðar ábendingar varðandi framsetningu áætlana, er einkum beindust að því að auka myndefni áætlana. Niðurstaða Júlíu var sú að, ekki væri verið að gera hlutina rangt, heldur mætti auka í og bæta áætlanirnar.

Fullkláraðar áætlanir voru gerðar fyrir eftirtalin lögbýli árið 2006.

Árnessýsla:

Stóra-Hof Gnúpverjahreppi
Stærri Bær Grímsnesi
Neistastaðir Flóahreppi
Jaðar í Hrunamannahreppi
Borgarholt í Biskupstungum.

Rangárvallasýsla:

Sámsstaðir 2 í Fljótshlíð.
Rjúpnaveilir Landsveit.
Hvammur í Landsveit.

Allnokkrar jarðir víðsvegar um Suðurland voru skoðaðar, og ýmist hafnað eða að þær eru í ferli s.s. verið að stofna lögbýli, á eftir að meta, á eftir að gera áætlun ofl.

Endurteiknun eldri korta:

Alltaf er unnið að því jafnt og þétt að teikna upp eldri kort inná hnitloftmyndir. Sú vinna hefur gengið allvel og ekki margar jarðir sem eftir er að teikna upp á nýtt.

Endurskoðun eldri áætlana:

Gert er ráð fyrir því að áætlanir séu endurskoðaðar á 10 ára fresti. Nokkuð vantar á að það náist. Þó var á árunum 2003 – 2005 farið á allmargar jarðir og skoðað í alla reiti sem plantað hafði verið í og svokölluð framkvæmdaáætlun gerð fyrir hvern reit. Björgvin Eggertsson vann það verk að mestu. Ekki er útlit fyrir að það markmið náist að endurskoða nægilega margar áætlanir nema að auka mannskapur verði ráðinn, allavega til sumarstarfa við mælingar í folti.

Heimsóknir til bænda:

Bændur voru heimsóttir eins og tími var til, en ekki gert nóg af því. Mikilvægt er að fylgjast með hvað er að gerast í feltinu, annars er hætta á að menn staðni við skrifborðið.

Vinnusala:

Allnokkur hluti af starfi áætlunarfulltrúa fer í vinnusölu við gerð túnkorta fyrir bændur. Einnig er nokkuð um að landamerki séu teiknuð inn á hnitkort. Þetta er þó ekki vinna sem stílað er inná að vinna, heldur gert í hjáverkum, þegar stund gefst frá áætlanavinnu fyrir Suðurlandsskóga.

Tilraunir:

Jarðvinnslutilraun var sett upp af undirrituðum á þremur stöðum á starfssvæði SLS: Hrafnabjörgum í Hrunamannahreppi, Múla í Biskupstungum og Klettabrekkur í Hornafirði. Niðurstöður verða birtar síðar.

Mæld var upp kvæmatilraun af skógarfuru sem sett var niður á Snæfoksstöðum í Grímsnesi 2005. Er hún hluti af BS verkefni sem Benjamín Örn Davíðsson nemandi við LBHÍ er að vinna.

Hekluskógar:

Undirritaður starfaði í nefnd til undirbúnings Hekluskóga og er í framkvæmdanefnd verkefnisins. Undirritaður hefur ásamt Agnesi Stefánsdóttur fornleifafræðingi á Fornleifavernd ríkisins unnið að staðsetningu (gps) fornleifa á Hekluskógasvæðinu í Þjórsárdal. Er það verk nokkuð á veg komið, en ekki lokið.

Utanferðir:

Noregsferð í maí 2006. Skoða Menzie Muck höggvél sem þar var að störfum með það fyrir augum að kaupa slíka vél til Íslands. Það var og gert þegar Guðjón Ólafsson verktaki flutti inn slíka vél á haustmánuðum 2006.

Svíþjóðarferð í ágúst til að skoða gróðursetningarhaus á Menzie Muck hjá fyrirtækinu Brecke. Sá haus var einnig keyptur og kom til landsins í október. Hann er óreyndur hér á landi þegar þetta er skrifað.


Selfossi 19/3 2007. Böðvar Guðmundsson




Fjöldi jarða og búskaparhættir

Búskaparhættir

Heildarfjöldi skógræktarjarða á skrá hjá Suðurlandsskógum eru um 250. Hlutfall þeirra bænda sem hafa fasta búsetu á jörðum sínum og stunda skógrækt eru rúm 70%.




Niðurstöður athugana varðandi búskaparhætti skógarbænda er þannig að um 70% stunda annan búskap samhliða skógræktinni s.s kúa, eða fjárbúskap og ferðaþjónustu samanber myndinni hér að neðan.




Fjöldi samninga og stærð samningssvæða.

Súluritið hér að neðan sýnir fjölda Skógarbænda og skjólbeltabænda og þann hluta þeirra sem eru með samninga í báðum verkefnum. Eins og áður hefur komið fram voru 95 þinglýstir samningar í skógrækt um áramótin 2006-2007 og 3 í ferli. 161 hafa unnið að skjólbeltarækt hjá Suðurlandsskógum, búið er að ganga frá samningum við 135 en 26 eru í ferli. Tíu bændur eru í báðum verkefnum.



Hér sjáum við heildarstærð samningssvæða í skógrækt í hverri sýslu. Enginn samningur er tilbúinn á Suðurnesjum en tveir í ferli. Vegna sérstöðum sinnar hafa þeir fengið að byrja að gróðursetja.



Yfirlit tegunda gróðursettar 2006 í skóg og skjól


Gróðursett í skógrækt

Sg 1/0	106.005
SG 2/0	4.760
SG 3/0	6.120
HG	15.600
BG	29.520
RL	9.920
FP	350
SF	137.990
SKF	2.000
BF	4.440
LF	893
AÖ	83.930
IB	154.480
SE	72.430
V	24.860
V-stykk	6.900
Askur	700
Álmur	350
Hlynur	469
Reynir	11.631
Sólb/rifs	245
Toppar	105
Rós	481
Annað	50
Samtals	674.229

Gróðursett í skjólbelti

V	50.439
V-stikk	400
AÖ	69.054
IB	23.000
IR	5.460
SE	10.505
SF	360
BF	160
RL	80
SG 1/0	965
SG 2/0	1.765
SG 3 /0	2.460
HG	80
BG	80
ÝT	157
Toppar	350
Rósir	537
Rifs/sólb	1.050
Samtals	166.902

Hlutfall gróðursetningar skipt eftir verkefnum



Framkvæmdir-heildaryfirlit

Skógrækt

Gróðursett var á 111 skógar og skjólbeltajörðum árið 2006, um 840 þúsund plöntur í skóg, skjól og í önnur verkefni á vegum Suðurlandsskóga. Af því var gróðursett í skógrækt um það bil 675 þúsund plöntur, en þar af fór í íbætur 108 þúsund plöntur eða 16% og í önnur verkefni t.d Gróður fyrir fólk tæplega 8.500 plöntur. Í skjólbelti var gróðursett 167 þúsund plöntur, mestur hlutinn í ný beltum en þó að einhverju leiti í íbætur í eldri beltum. Fjöldi þinglýstra skógræktarsamninga í árslok var 95 alls 7.747,35 ha.

Gullbr.s	Greni	Lerki	Fura	Ösp	Birki	Elri	Ýt	Reynir	Víðir	runn ýt	Samta
Lönd					560	70		35	1540		2.205
Melaberg						70		35	1085		1.190
Samtals Gullbr	0	0	0	0	560	140	0	70	2625	0	3.395
Arness	Greni	Lerki	Fura	Ösp	Birki	Elri	Ýt	Reynir	Víðir	runn ýt	Samtals
Austurey	16720			1400							18.120
Ásbrekka	18280	1000	5840	700		105	175			70	26.170
Ásgarður			4960		600						5.560
Ásólfstaðri		760	80		760	810					2.410
Bergás			1400		240						1.640
Bitra	4680		4560		960			175			10.375
Breiðanes			1240								1.240
Böðmódsst	5000										5.000
Efri-Grímslæk	120			35	320						475
Efra-Sel	4000										4.000
Fossnes	120		120		120						360
Galtalækur	1860		14800			70			80		16.810
Gerðakot	40		40			3020	70	140		35	3.345
Gljúfur		1000	600		2160	490			700		4.950
Gýgjarhóll		760	1560	490	1000						3.810
Helgastaðir	115		80								195
Helludalur	9400			700	960	70	105	105			11.340
Hrosshagi			160		160		70	175		35	600
Hrafnabjörg		1560	13440			595			630		16.225
Hraun I-II	560		2000	595							3.155
Jaðar	300				23520	2400					26.220
Kampholt				3465							3.465
Laxárdalur		800			640	120					1.560
Lækjarbrekka	520	1000		455	200	695	35	490		35	3.430
Múli	15000			3150	200	120		105			18.575
Reykir	1200		4800	525							6.525
Reykjadalur	3000		1000		1080						5.080
Skáldabúðir				1400							1.400
Skarð	520		760		400						1.680
Skógarberg			3720		1320						5.040
Snæfoksstaðir	4160		14680								18.840
Sóleyjarbakki			4400	105			35	70			4.610


Arness	Greni	Lerki	Fura	Ösp	Birki	Elri	Ýt	Reynir	Víðir	runn ýt	Samta
Sólheimar	6000			5810				3500			15.310
Stóra-Hof	10850	3040	6880		11760						32.530
Stíflisdalur	2000		2400								4.400
Sandlækur	105			350	200		140	140			935
Spóastaðir	510			700							1.210
Vatnsleysa	3000							140			3.140
Samtals Árn	108060	9920	89520	19880	46600	8495	630	5040	1410	175	289.730

Rangárvallas	Greni	Lerki	Fura	Ösp	Birki	Elri	Ýt	Reynir	Víðir	runn ýt	Samtals
Sumarliðabær	6800			15050							21.850
Árskógar				1085	12960	240					14.285
Akurbrekka	4600		8480		2320	560		630	1575	105	18.270
Búland	60			3815	6280	3220					13.375
Dalsel					4800	5075					9.875
Gilsbakki				7420		1625		168	6440		15.653
Heklumörk			4160	8610	3040						15.810
Kaldbakur	1750				7440	1260	70	638	945	247	12.350
Keldur	14400		3280	1400	30120	46420		420	3640		99.680
Lambafell	1920		230	1155							3.305
Mykjunes	1520				1040	200					2.760
Péturshólmi			6720	1645	2280				875		11.520
Stúfholt	2000			2485	3840	35					8.360
Torfastaðir			490				609	35			1.134
Uppsali	1360		800	2030	800	3360					8.350
Varmidalur	2625		4360	7070	440			446		94	15.035
Vorsabær			10040		13400						23.440
Ytra-Seljaland	3000		655	6265	4480	1085	105	520			16.110
Pverlækur	2575		1000		1520	35			175		5.305
Samtals Rang	42610	0	40215	58030	94760	63115	784	2857	13650	446	316467
Vestur-Skaft	Greni	Lerki	Fura	Ösp	Birki	Elri	Ýt	Reynir	Víðir	runn ýt	Samta
Blómsturvellir			1040					35			1.075
Hemrumörk	1360		1053	525	1600	480	35	240	525	35	5.853
Prestbakkakot	2660		5865	560	760	200	470	321	665	175	11.676
Skál	1280		240		1000						2.520
Teygingarlækur	4000		4000	1225	1840			1223	9420		21.708
Ytri-Ásar	2000		2550	2695				1316	1365		9.926
Samtals V-Sk	11300	0	14748	5005	5200	680	505	3135	11975	210	52.758
Austur-Skaft	Greni	Lerki	Fura	Ösp	Birki	Elri	Ýt	Reynir	Víðir	runn ýt	Samta
Meðalfell			840		160			48			1.048
Miðfell				1015	840			72			1.927
Stóralág					440						440
Samtals A-Sk	0	0	840	1015	1440	0	0	120	0	0	3.415
Tilraunir	Greni	Lerki	Fura	Ösp	Birki	Elri	Ýt	Reynir	Víðir	runn ýt	Samta
Gróður fyrir fólk					5360			374	1505		7.239
Önnur verkefni	35				560			35	595		1.225
Samtals í tilr	35	0	0	0	5920	0	0	409	2100	0	8.464


Samtals í hverri sýslu	Greni	Lerki	Fura	Ösp	Birki	Elri	Ýt	Reynir	Víðir	runn ýt	Samta
Gullbr	0	0	0	0	560	140	0	70	2625	0	3395
Arn	108060	9920	89520	19880	46600	8495	630	5040	1410	175	289730
Rang	42610	0	40215	58030	94760	63115	784	2857	13650	446	316467
V-Skaft	11300	0	14748	5005	5200	680	505	3135	11975	210	52758
A-Skaft	0	0	840	1015	1440	0	0	120	0	0	3415
GFF og fl	35	0	0	0	5920	0	0	409	2100	0	8464
Samtals	162005	9920	145323	83930	154480	72430	1919	11631	31760	831	674229

Töluvert minna var gróðursett í skógrækt árið 2006 heldur en til var ætlast, eða 840 þús. í stað 1.180 þús. sem samið var um. Helstu ástæður voru að plöntuframleiðendur gátu ekki afhent allar plöntur vegna affalla í gróðrarstöð. Kuldar í vor höfðu þau áhrif að seint var hafist handa við gróðursetningar og ekki gekk eins vel og skildi. Súluritið sýnir heildargróðursetningu í skógrækt og skjólbeltarækt, skipt eftir tegundum.

Fjöldi skógarplantna og skjólbeltplantna 2006



Hlutfall nýgróðursetningar og íbóta 2006



Kökuritið sýnir hlutfallið milli nýgróðursetninga og íbóta.


Skjólbelti

Gullbr.s	Víðir	Ösp	Birki	Reynir	Elri	Fura	Lerki	Greni	Ýt	Runn	Samtals
Bárugerði	105				35						140
Fuglavík	105		240		35						380
Norðurkot	420		160		35						615
Samtals í Gull	630	0	400	0	105	0	0	0	0	0	1.135
Árnessýsla	Víðir	Ösp	Birki	Reynir	Elri	Fura	Lerki	Greni	Ýt	Runn	Samtals
Arnarholt			80	70				80			230
Arnarhóll	1050	805			350						2.205
Björnskot		840		175				415	35	175	1.640
Blesastaðir				70	70				35	35	210
Brjánsstaðir	595	245	80					15			935
Byggðarhorn	560	630	80	70	35					140	1.515
Birnustaðir	175		40					40			255
Bræðraból			1200	210	140			105		70	1.725
Efri-Brúnavellir								30			30
Halakot								855			855
Kambur	1225	1260		350							2.835
Klettar		245	40	105		40		200			630
Ólafsvellir		105	120	105	110			15			455
Reykjahlíð	560	1120			560	160					2.400
Reykhóll	420		480	210	255	320	80		63	70	1.898
Stærribær	805	280									1.085
Seljatunga		70	40	35				15		35	195
Sandhóll	210	280	120					15		140	765
Vorsabær			80					40			120
Samtals í Árn	5600	5880	2360	1400	1520	520	80	1825	133	665	19.983
Rangárvallasýsla	Víðir	Ösp	Birki	Reynir	Elri	Fura	Lerki	Greni	Ýt	Runn	Samtals
Austvaðsholt	840	105		70							1.015
Bollakot		1820									1.820
Borgareyrar	1715	5460	880	720						120	8.895
Búland								60			60
Gunnarsholt	25250	50434	15320	1794	7165			1140			101.103
Hallgersey	1295	560		140							1.995
Hlíðarendakot	665	280	320	94	315						1.674
Háfur	560							40			600
Hellishólar	420	980	440					675			2.515
Kanastaðir	820	175		35							1.030
Lækjabotnar	805	175	320		280						1.580
Langagerði								645			645
Múlakot	2275	560		105	70			720			3.730
Miðgrund	1050	35	160	70						140	1.455
Nefsholt	1435	315	320	72						437	2.579
Rauðuskriður	3885	1750	1800	770	875					420	9.500
Stóra-Hildisey	875	350	40		70					83	1.418
Samtals í Rang	41890	62999	19600	3870	8775	0	0	3280	0	1200	141.614


Vestur-skaft	Víðir	Ösp	Birki	Reynir	Elri	Fura	Lerki	Greni	Ýt	Runn	Samta
Ás								155			155
Kerlingardalur			400	107	70			90			667
Samtals í V-Sk	0	0	400	107	70	0	0	245	0	0	822
Austur-Skaft	Víðir	Ösp	Birki	Reynir	Elri	Fura	Lerki	Greni	Ýt	Runnar	Samtals
Hoffell	199				35						234
Seljavællir	2520	175	240	83					24	72	3.114
Samtals A-Sk	2719	175	240	83	35	0	0	0	24	72	3.348

Samtals gróðursett í skjólbelti og skógrækt 2006

	Greni	Lerki	Fura	Ösp	Birki	Elri	Ýt	Reynir	Víðir	Runnar	Samtals
Skógrækt	162005	9920	145323	83930	154480	72430	1919	11631	31760	831	674229
Skjólbelti	5350	80	520	69054	23000	10505	157	5460	50839	1937	166902
	167355	10000	145843	152984	177480	82935	2076	17091	82599	2768	841131



Hlutfall plöntufjölda sem gróðursettar voru í hverri sýslu og tilraunir



Súluritið og kökuritið sýna fjölda gróðursettra plantna í skjólbelti og skógrækt, skipt eftir sýslum

Samantekt Svæðisstjóra

Vorið 2006 var eins og svo mörg önnur vor, með töluverðu frosti síðast í maí. Það var þann 22 maí sem frostið fór niður í - 5,8. Árið áður var okkur mjög erfitt og skemmdist mikið af plöntum á dreifingarstöðvum hjá okkur. Því var lítið byrjað að taka á móti plöntum nú í ár, fyrr en í lok maí og þær hafðar í vetrargeymslum sínum fram að þeim tíma.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir og öll þau óþægindi sem þessi seinkunn hafði í för með sér fengum við einhverjar skemmdir og /eða lélegar plöntur sem höfðu þá skemmst um veturinn í vetrargeymslunum hjá framleiðendum og þær skemmdir koma ekki fram í plöntunum fyrr en um mitt sumar. Rætur plantna þola lítið frost, mun minna en efri hluti plöntunar. Þegar bakkar standa úti yfir veturinn og það verður sumarihit í 6 vikur í febrúar/ mars er ekki von á góðu. Í hlýinda kafla seint að vetri missa plönturnar frostþolið og skaðast því mikið þegar veturinn bankar aftur upp á.

Þetta sýnir enn og aftur að ófullkomin vetrargeymsla er aðalorsök þess að plöntur með leynda galla s.s. rótarskemmdir komast í umferð hjá okkur. Nú hillir undir það að við fáum afhentar plöntur úr frystigeymslum og er það von okkar að þá verði plöntugæðin ásættanleg.

Gróðursetningin fór almennt frekar seint af stað í öllum sýslum og stóð útplöntun óvenju lengi fram á haustið.





Gullbringusýsla

Samantekt

Gróðursetningar á Suðurnesjum árið 2006 eru svipaðar og árin á undan eða um 4500 plöntur á fimm jörðum. Mest er gróðursett af víði, elri og birki, og smávegis af reyni.

Þær jarðir sem eru skráðar í skjólbelti gróðursetja ekki í hefðbundin belt heldur í skjólgrúppur. Gróðursetningar tveggja síðustu ára voru teknar út í haust og líta þær vel út.

Myndirnar hér að neðan sýna hlutfall tegunda sem gróðursett var í skjólbelti og skógrækt.





Árnessýsla

Samantekt

Í Árnessýslu var framkvæmt á 38 jörðum í skógrækt. Gróðursettar voru um 290 þúsund plöntur. Af þeim fór um 260 þúsund í nýgróðursetningu eða í tæplega 90 hektara, en 37 þúsund plöntur íbætur. Fjöldi gróðursettra plantna í skjólbelti í Árnessýslu var um 20 þúsund plöntur.

Myndirnar hér að neðan sýna hlutfall tegunda sem gróðursettar voru í skógrækt og skjólbelti í Árnessýslu árið 2006. Í skógrækt var mest gróðursett af greni, furu og birki en í skjólbelti var mikil fjölbreytni í tegundum, sem gerir skjólbeltin mjög skemmtileg á að líta.





Rangárvallasýsla

Samantekt

Í Rangárvallasýslu var framkvæmt á 36 jörðum. Í skógrækt voru 19 sem framkvæmdu og gróðursettu um 316 þúsund plöntur, þar af 257 þúsund í nýskógrækt og 59 þúsund í íbætur. 17 skjólbeltabændur gróðursettu 142 þúsund plöntur í skjólbelti.

Myndirnar sýna hlutfall tegunda sem gróðursett var í skógrækt og skjólbeltarækt í Rangárvallasýslu árið 2006. Mest var plantað af birki, Ösp, greni og furu í nýskógrækt, en í skjólbelti var langmest gróðursett af víði og ösp eða 70% en 30% af ýmsum tegundum





Vestur-Skaftafellssýslur

Samantekt

Gróðursetning í Skaftafellssýslum gekk vel þrátt fyrir slæmt vorhret í maí. Í V-Skaftafellssýslu voru gróðursettar um 46.000 plöntur og þar af fóru um 5.000 í skjólbelti. Mest var gróðursett á jörðinni Teygingalæk eða um 14.000 plöntur. Ólafur Jónsson bóndi á Teygingalæk sá alfarið um gróðursetninguna ásamt konu sinni og gróðursetti í land sem áður var notað undir rófurækt. Hefur það verið gert áður á þessu svæði með góðum árangri.

Hlutfall tegunda sem gróðursett var í skógrækt í Vestur-Skaftafellssýslu árið 2006 Það vekur athygli að mest var gróðursett af víði, greni og furu. Aðeins önnur skipting en í hinum sýslunum. Lítið var gróðursett í skjólbeltarækt í V-Skaftafellssýslu eða um 800 plöntum, mest af birki og greni.





Austur-Skaftafellssýsla

Samantekt

Í A-Skaftafellssýslu var plantað á þremur jörðum, þ.e. Meðalfelli, Miðfelli og Seljavöllum. Í Miðfell og Meðalfell var gróðursett í skógrækt en á Seljavöllum í skjólbelti. Fjöldi gróðursettra plantna um 6000 og þar af fóru um 2500 í skjólbelti.

Hlutfall tegunda sem gróðursett var í skógrækt í Austur-Skaftafellssýslu árið 2006. Fyrir austan var mest gróðursett af lauftrjám eða 75 % en aðeins 25 % af barrtrjám, en í skjólbeltarækt fór mest af víði og svo ýmsum tegundum til íblöndunar.



Samanburður á milli ára

Samtals er búið að gróðursetja 7,650,000 plöntur í skógrækt og skjólbelti undir merkjum Suðurlandsskóga. Eins og sést á línuritinu hér fyrir neðan var mun minna gróðursett árið 2006 heldur en árin á undan. Ýmsar ástæður voru fyrir því m.a. að það skiluðu sér ekki allar plöntur frá framleiðendum eins um var samið og veðráttan hafði veruleg áhrif.

